



Fundargerð

223. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 22. mars 2017. kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Aðalsteinn Ásmundarson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Skúli Björnsson

Dagskrá:

1. Málefni Skógarorku ehf.
2. Innviðagreining Fljótsdalshéraðs
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:05

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Málefni Skógarorku ehf.

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá stjórnarfundi 20. mars.sl. og boðun á aðalfundi/hluthafafundi 6. apríl. 2017. Eftir umræður um fundargerð Skógarorku, þar sem fram kemur að félagið sé ekki rekstrarhæft lengur, verður starfsemi þar hætt.

Stjórn HEF styður þá ákvörðun stjórnar Skógarorku.

2. Innviðagreining Fljótsdalshéraðs

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu sem hafin er varðandi „Innviðagreiningu“ fyrir Fljótsdalshérað.

Í framhaldi af því lagði formaður fram tillögu um að HEF greiði kostnað vertaka við innviðagreininguna.

Stjórn HEF samþykkir tillöguna.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri greindi frá umsóknum um starf þjónustufulltrúa. umsækjendur eru 6. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni falið að fara yfir umsóknir.



Kynntar breytingar á orðalagi við gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf., þar sem þéttbýlismörk verða einskorðuð við Egilsstaði og Fellabæ. Þetta hefur ekki nein áhrif á kjör núverandi viðskiptavini veitunnar.

Samið verði við verktaka um endurnýjun veitulagna við Tjarnarbraut 9 - 15.

Framkvæmdarstjóri greindi frá opnun aðalskrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs í norðurvæng húss HEF.

4. Önnur mál.

Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á að koma á upplýsinga- og fræðslufundi um úrlausnir í húshitun í dreifbýli.

Fundi slitið kl.14.15

Fundargerð ritaði Sigríður Sigmundsdóttir